

Án þess farið sé nánar út í greiðslur þessar, er þó sýnt, samkvæmt upplýsingum gerðarbeiðanda sjálfs um vísitöluuppbótartökur þær, sem að framan greinir, að því fer viðs fjarri, að gerðarþoli skuldi gerðarbeiðanda nokkra húsaleigu, og verður útburður á gerðarþola engan veginn byggður á þessu atriði.

Hvað hinu atriðinu viðvikur, að gerðarþoli hafi á ólögmætan hátt tekið Elsu Sigfúss inn í íbúð sína, þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að greind Elsa hafi eingöngu dvalið hjá sér sem gestur og enga leigu greitt sér, og hafi gerðarbeiðandi aldrei fundið að þessu atriði fyrr en nú undir rekstri málsins. Gegn þessum mót-mælum hefur gerðarbeiðanda ekki tekizt að sanna, að vera Elsu Sigfúss hafi verið slík, að ólögmætt megi teljast gagnvart sér.

Verður niðurstaða málsins sú samkvæmt framansögðu, að gerð þessari verður synjað framgangs og málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. febrúar 1948.

Nr. 134/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Max Karp (Hrl. Theódór B. Lindal).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans í Reykjavík hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er stjórnendur varðskipsins mældu við dufl það, sem sett var í kjölfar togara kærða kl. 15.03 hinn 2. desember f. á., og reyndist staður þessi 1.1 sjómílu innan landhelgislinu. Gullgengi krónunnar hefur haldizt óbreytt frá uppsögu héraðsdóms. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Max Karp greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Lindsals, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. desember 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 3. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5262/1947: Valdstjórnin gegn Max Karp, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Max Karp, skipstjóra á þýzka togaranum Preussen P.G. 219 Wesermünde, til heimilis í Süder-Wirten 15 í Wesermünde, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst vera fæddur 9. maí 1903, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, sem kærði hefur viðurkennt rétta, eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Í gær var varðskipið á eftirlitsferð við Reykjanes, kom austan frá. Kl. 14.42 sást frá því togarinn Preussen, að sjá undan Hafnarbergi. Kl. 14.46 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Reykjanesviti $\neq$ Karlskletti $\triangle$ Hafnarbergstá $67^{\circ} 42'$ og Hafnarbergstá $\triangle$ Togari $25^{\circ} 30'$. Hélt þá togarinn út frá landi, en varðskipið hélt til hans á fullri ferð. Kl. 14.50 var gefið stöðvunarmerki frá varðskipinu. Kl. 14.58 var skotið lausu skoti, og nam þá togarinn staðar rétt á eftir. Kl. 15.03 var dufl sett út í kjölvatni togarans, og stöðvaðist varðskipið samtímis. Var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Þórðarfell

$> 54^{\circ} 40'$

Reykjanesviti

$> 81^{\circ} 07'$

Eldey

Dýpi 107 metrar. Sýna mælingar þessar stað 1.0 sjómílu innan landhelgi.

Togarinn var að botnvörpuveiðum, þegar hann var stöðvaður. Kærði og stýrimaður á togaranum kynntu sér mælingu skipherrans á vettvangi. Að loknum athugunum þar var haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 21.00.

Enda þótt kærði viðurkenni, svo sem sagt hefur verið, að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, hefur hann haldið því fram, að það hafi eigi verið ásetningur sinn að fremja brot þetta.

Hann skýrir svo frá, að nokkru fyrir töku togarans hafi hann togað norður með landi, og talið sig þá vera um 4 sjómílu frá ströndinni. Síðan hafi hann vegna botnfestu snúið við til lands og suður, og muni skipið þá hafa farið inn fyrir landhelgislinuna. Kompásmiðanir, sem hann gerði, hafi þó eigi sýnt stöðu skipsins innan landhelgi, en mælitæki sin hafi verið svo ófullkomin, að þeim sé eigi að treysta.

Samkvæmt framansögðu hefur kærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Preussen P. G. 219, skulu upptæk ger til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Línals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Max Karp greiði kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Preussen P.G. 219, skulu upptæk vera handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Línals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.